

Nd.

**358. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Háttv. efri deild hefir gert þær aðalbreytingar á frumv. þessu, að rit- og talsímalínan frá Ölfusárbrú til Vestmannaeyja er sett í fyrsta flokk, í stað annars flokks, og talsímalínan frá Reykjavík til Þingvalla í annan flokk í staðinn fyrir þriðja flokk.

Nefndin telur breytingarnar á frumv. aðgengilegar eftir atvikum, og ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Neðri deild Alþingis, 21. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Jón Magnússon,  
skrifari og framsögumaður.

Halldór Steinsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Einar Jónsson.